



Selfossi 13. desember, 2012

Fundargerð fulltrúaráðs

91. fundur fulltrúaráðs Brunavarna Árnessýslu haldinn fimmtudaginn 13. desember 2012, kl. 16.30 að Árvegi 1, Selfossi.

Mætt: Eyþór Arnalds formaður, Kjartan Lárusson, Gunnar Þorgeirsson, Guðmundur Þór Guðjónsson, Ólafur Leifsson, Stefán Helgason, Eggert V. Guðmundsson, Pétur Pétursson varaslökkviliðsstjóri, Kristján Einarsson slökkvistjóri og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.
(Ólafur Örn Ólafsson boðaði forföll en er í símasambandi ef með þarf)

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 16.30.

1. Fjárhagsáætlun og framkvæmdaáætlun fyrir árið 2013

Fyrir fundinum lágu afrit af áætlun að upphæð kr. 151.556.114.-.

Umræður urðu um málefnið.

Gagnrýnt hversu seint fjárhagsáætlunin er lögð fram

Ástæðan kynnt, samþykkt að vinna fyrir áætlun 2014.

Eyþór kynnti liðinn vegna skógar- og kjarrelða í framkvæmdaáætlun 2013 þar sem sérstaklega er fjallað kaup á áhöldum og tækjum í þessum málaflokki.

Fjárhagsáætlun og framkvæmdaáætlun fyrir árið 2013 samþykkt

2. Kauptilboð vegna Árvegar 1, Selfossi

Um er að ræða yfirtöku á láni frá Íslandsbanka auk viðbótarláns frá Sveitarfélaginu Árborg.

Heildarkaupverð er 288 millj.

Stefnt skal að því að BÁ kaupi þær húseignir sem hýsa slökkvistöðvar liðsins.

Stefnt skal að því að stofna eignarhaldfélag sem mun halda utanum húseignir BÁ.

Umræður um kauptilboðið og komandi ferli.

Fulltrúaráð Brunavarna Árnessýslu samþykkir að ganga að fyrirleggjandi kaupsamningi á eignarhlut Sveitarfélagsins Árborgar í húsnæðinu að Árvegi 1 Selfossi með fyrirvara um samþykki aðildarsveitarfélaga.

Eyþór Arnalds tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

3. Önnur mál

a. Kostnaðarskipting sveitarfélaganna

Formaður ræddi skiptareglur varðandi kostnaðarþátttöku sveitarfélagana í brunavörnum.

Umræður frá síðasta fundi Fulltrúaráðs BÁ sem Kjartan Lárusson bað um.

Eftir umræður var eftirfarandi samþykkt:

Fulltrúaráð telur rétt að bíða eftir niðurstöðum úr þeirri athugun sem HÍ er að skoða fyrir BÁ. Þegar þeirri vinnu er lokið er rétt að leggja málið fyrir nýtt stjórnarfyrikomulag Brunavarna Árnassýslu, þ.e.a.s. Héraðsnefnd Árnassýslu.

b. Héraðsnefnd Árnassýslu

Formaður greindi frá því að vinnu við nýjar samþykktir fyrir Héraðsnefnd Árnassýslu væri að ljúka. Áformað er að samþykkja þær á næsta fundi Héraðsnefndar þann 17. desember n.k. Gert er ráð fyrir að yfirstjórn Brunavarna Árnassýslu fari undir Héraðsnefnd.

Drög að samþykktum lágu fyrir fundinum.

c. Sameining við Hrunamannahrepp

Formaður greindi frá því að til stæði að skrifa undir nýjar samþykktir fyrir BÁ vegna sameiningar slökkviliðs Hrunamannahrepps við BÁ þann 28. desember n.k. kl. 16.00.

Fram fer kynning á starfsemi BÁ og undirskrift samþykta af hálfu fulltrúa Hrunamannahrepps og fulltrúa BÁ.

Kynningin fer fram í Hótel Flúðum og er öllum opin sem áhuga hafa á að kynna sér starfsemi slökkviliðsins. Fulltrúar BÁ eru hvattir til að mæta.

Fyrir fundinum lá uppkast af „Samþykktum“ endanlegt skjal mun liggja fyrir við undirritun.

Einnig lá fyrir fundinum afrit af bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps frá 4. október 2012 þar sem m.a.sameining slökkviliðs Hrunamanna við BÁ er samþykkt.

**Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 18.00**